



55. Körfuknattleiksþing KKÍ

Laugardalshöll, 25. mars 2023



Hægt er að nálgast upptöku af 55. Körfuknattleiksþingi KKÍ með því að skanna þennan QR kóða.

Dagskrá Körfuknattleiksþings

1. Þingsetning og staðfesting á lögmati þingsins í samræmi við lög þessi.
2. Kosning starfsmanna:
 - a. Kosning kjörbréfanefndar.
 - b. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
 - c. Kosning fyrsta og annars þingritara.
3. Kosning fastra nefnda:
 - a. Fjárhagsnefnd.
 - b. Laganefnd.
 - c. Allsherjarnefnd.

Nefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver og kjósa þær sér formann.
4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlanir fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær, sem borist hafa til stjórnarinnar.
8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar.

- ÞINGHLÉ -

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
10. Önnur mál.
11. Kosning formanns, fjórða hvert ár.
12. Kosning meðstjórnenda skv. b. lið 18. greinar.
13. Kosning sex manna í aga- og úrskurðarnefnd KKÍ.
14. Kosning þriggja manna í Áfrýjunardómstól KKÍ og þriggja til vara.
15. Kosning tveggja endurskoðenda.
16. Kosning fulltrúa á Íþróttþing.
17. Þingforseta og þingritara falið að ganga frá þinggerð.
18. Þingslit.



Pingsetning

Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna til þings. Hannes bar upp tillögu um Valdimar Leó Friðriksson sem fyrsta þingforseta og Hörð Oddfríðarson sem annan þingforseta, sem voru staðfestir með lófaklappi þingfulltrúa. Valdimar Leó tók þá við stjórn þingsins.

Kosning starfsmanna

Þingforseti bar upp tillögu um kjörbréfanefnd, Tóbías Sveinbjörnsson formaður, þá Grím Atlason og Hjörleif K. Hjörleifsson. Engar aðrar tillögur bárust og því tók kjörbréfanefnd til starfa.

Næst var borin upp tillaga um þingritara, Snorri Örn Arnaldsson 1. þingritari, Birna Lárusdóttir 2. þingritari. Engar aðrar tillögur bárust og því teljast þingritarar réttkjörnir.

Kosning fastra nefnda

Þingforseti bar upp eftirfarandi tillögu um fastanefndir þingsins:

- Allsherjarnefnd: Jóhanna M. Hjartardóttir formaður, Ingibergur Þór Ólafarson og Brjánn Guðjónsson.
- Laga- og leikreglanefnd: Sigríður Bjarnadóttir formaður, Árni Þór Hilmarsson, Jón Björn Ólafsson.
- Fjárhagsnefnd: Guðni Hafsteinsson formaður, Kristín Örlygsdóttir, Salvör Davíðsdóttir.

Engar aðrar tillögur bárust og eru nefndirnar samþykktar svona.

Skýrsla fráfarandi stjórnar

Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, flutti skýrslu fráfarandi stjórnar.

Kæru þingfulltrúar, þingforsetar, forseti ÍSÍ, formaður UMFÍ, aðrir gestir

Skýrsla stjórnar og nefnda hefur legið fyrir í rúmar tvær vikur, en ég hvet ykkur til að kynna ykkur skýrsluna. Skýrslan spannar síðustu tvö ár og nær yfir allt það helsta í starfi KKÍ þann tíma.

Við undirbúning þessarar ræðu ákvað ég að rifja upp söguna með því að fara í gegnum nokkrar eldri ársskýrslur sambandsins. Það vakti athygli mína við þessa yfirferð að meginstefin eru þau sömu, verkefni sambærileg og umræðurnar ansi líkar. Það er því vel viðeigandi að nefna nokkur atriði úr þessum ársskýrslum.

- Það vantar fleiri aðila til að koma að starfi KKÍ, bæði starfsmenn á skrifstofu og sjálfboðaliða. Þetta háir starfinu mikið.



- Sambandið er vanfjármagnað, ríkisvaldið verður að gera betur, það verður að styðja betur fjárhagslega við starfsemi skrifstofu og landsliðsstarfið.
- Félögin þurfa að fá meiri stuðning og samtal við KKÍ.
- Félögnum finnst þau vera að greiða of mikið til KKÍ.
- Félögin telja KKÍ vera með of miklar kröfur til sín.

Já, þegar öllu er á botninn hvolft þá eru verkefnin okkar, áskoranirnar og tækifærin þau sömu ár eftir ár.

Það sem sker sig þó úr við lestur þessara gagna er að hreyfingin okkar hefur stækkað og vaxið mjög mikið á síðustu árum og áratugum, enda körfubolti fyrir þó nokkru orðinn ein af stærstu og vinsælustu íþróttagreinum landsins. Athyglin er mikil, almenn umræða mikil og skoðanir eru miklar og margbreytilegar. Okkur sem förum fyrir hreyfingunni þykir miður að stundum virðist sem skoðanir séu settar fram án þess að mál séu ígrunduð frá öllum hliðum. Þrátt fyrir að ákvarðanir eða staðreyndir séu útskýrðar þá virðist það stundum engu máli skipta. Eins og við þekkjum því miður víða úr íslenskri þjóðfélagsumræðu er það of oft þannig að staðreyndir eru aukaatriði þegar fólk tjáir sig við lykllaborðið eða á kaffistofunni.

Líkt og í íþróttinni allri hefur orðið mikill vöxtur í landsliðsstarfinu okkar á síðustu tíu árum. Árangurinn hefur verið eftirtektarverður um heim allan og með betri árangri þá verða kröfur FIBA, FIBA Europe og samfélagsins meiri. Ofan á það hefur FIBA aukið verulega kröfur sínar til aðildarlanda sinna og því betri árangri sem landið nær því meiri verða kröfurnar.

Árið 2022 var besta landsliðsár okkar í sögulegu samhengi þegar úrslit og árangur allra okkar landsliða eru tekin saman.

Karllandsliðið átti möguleika á að komast á HM þar til á síðustu sekúndum lokaleiks okkar í riðlakeppninni, þrátt fyrir þriggja stiga stigur í útileik fyrir framan 10.500 stuðningsmenn heimaliðsins. Þetta var ansi sárt á því augnabliki og er ennþá en mikið er ég stoltur af þessum frábæra árangri okkar. Góðir sigrar á sterkum þjóðum unnust og í fyrsta sinn í sögunni unnu strákarnir okkar sér inn þátttökurétt til að komast í keppni um sæti á Ólympíuleikunum, ásamt því að tryggja sér sæti í undankeppni EM 2025, en eingöngu 32 lönd í Evrópu öðlast þann rétt. Það er skýrt markmið okkar að komast á EuroBasket 2025.

Kvennlandsliðið okkar vann góðan sigur í nóvember, þann fyrsta í nokkur ár í undankeppni Evrópukeppninnar. Greinilegar framfarir voru í leik liðsins í gegnum undankeppnina, jafnvel þótt sterka leikmenn hafi vantað. Þessi frammistaða gefur ástæðu til bjartsýni til framtíðar, en við erum með mjög áhugavert og ungt lið sem spennandi verður að fylgjast með á næstu árum. Þar er markmiðið að komast á EuroBasket 2027.



Yngri landsliðin stóðu sig vel í sínum Evrópukeppnum. 20 ára landslið karla vann sig upp í A deild fyrir verkefni komandi sumars og er þá í hópi 16 bestu þjóða Evrópu. Bæði U16 og U18 lið drengja voru ekki langt frá því að vinna sig upp um deild, auk þess sem U16, U18 og U20 lið stúlkna og kvenna náðu sínum besta árangri frá upphafi, heilt yfir. Því miður er það svo að þeir leikmenn sem valdir eru í lokahópa þurfa að greiða alltof háar fjárhæðir til að taka þátt í þessum verkefnum og spila landsleiki fyrir hönd Íslands. KKÍ hefur ávallt reynt að halda þessum kostnaði eins lágum og hægt er, en án frekari framlaga frá ríkisvaldinu er ekki hægt að draga úr greiðsluþátttöku yngri landsliðsleikmanna okkar. Okkur þykir það dapurt að leikmenn landsliða Íslands, óháð íþrótt, þurfi að leggja í mikil útgjöld til að taka þátt. Við hjá KKÍ og öðrum sérsamböndum erum í reglulegu samtali um þessi mál við forystu ÍSÍ og ríkisvaldið. Ég vil þó nota þetta tækifæri og brýna ríkisvaldið til að stíga fast til jarðar hér og jafna aðstöðu okkar ungu íþróttamanna strax, svo ekki komi til þess að velja þurfi í landslið eftir efnahag.

Landsliðsstarfið okkar er í mikilli hættu eins og staðan er í dag. Það er algjörlega óviðunandi að vera í þeirri stöðu í boði stjórnar og forystu ÍSÍ. Eftir þetta langbesta landsliðsár í sögu KKÍ gerist það að stjórn ÍSÍ ákveður, að tillögu afrekssjóðs ÍSÍ, að færa KKÍ úr A afrekssambandi niður í B. Þessi ákvörðun veldur okkur hjá KKÍ, sem og allflestum í körfuboltahreyfingunni gríðarlegum vonbrigðum. KKÍ hefur um árabil talað fyrir því formlega sem og óformlega að breyta þurfi reglugerð um afrekssjóð. Það hefur verið fyrir daufum eyrum. Því miður þurfti ákvörðun sem þessa til að hlustað yrði á gagnrýni KKÍ. ÍSÍ hefur nú hafið vinnu við breytingu reglugerðarinnar í samstarfi við sérsamböndin. Reyndar var því lofað í bréfi skrifað í apríl 2020 frá ÍSÍ til KKÍ að þessu yrði breytt áramótin þar á eftir, en því miður er samt staðan svona. Ekki er enn ljóst hvert þessi vinna við nýja reglugerð leiðir okkur, en miðað við samtöl okkar við forystu ÍSÍ þá má búast við breytingum í þá átt sem við höfum talað fyrir. Spurningin er bara hvort stjórn og forysta ÍSÍ taki sér of langan tíma í þessa vinnu fyrir okkur í körfuboltanum. Að óbreyttri reglugerð stendur KKÍ frammi fyrir því að þurfa að endurskoða þátttöku karla- og kvennalandsliða sambandsins í undankeppnum FIBA 2023-2027. Undankeppnir EM 2025 hefjast næsta haust og með þátttöku þar skuldbindur KKÍ sig einnig til að taka þátt í undankeppni fyrir HM karla 2027, en sú undankeppni hefst á haustdögum 2025. Undankeppnir HM kvenna eru með öðru sniði. Að óbreyttu er ljóst að KKÍ mun ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að senda liðin til keppni. Allar áætlanir í þessum efnum eru því í uppnámi.

Ég og við hjá KKÍ treystum orðum forseta ÍSÍ um að þetta verði lagað og hvetjum ÍSÍ til að klára málið sem allra allra fyrst.

KKÍ hefur barist duglega fyrir því að hér rísi ný þjóðarhöll fyrir innanhússíþróttir. Sú vinna er farin að skila árangri, þar sem stjórnvöld hafa ákveðið að þjóðarhöllin mun rísa og undirbúningsvinna hefur gengið vel. Áfram þarf þó að vinna kröftuglega að málinu, enda nauðsynlegt fyrir afreksstarf KKÍ að hér rísi íþróttahús sem uppfylli kröfur FIBA til leikja og nýtist jafnframt sem æfingahúsnæði fyrir landsliðin. Einnig þarf að huga að því í þessari vinnu að félögin hér í Laugardalnum eignist sína aðstöðu og að eitt af okkar félögum



Árman sé ekki að missa æfingatíma nánast í hverri viku, mánuð eftir mánuð. Formaður og varaformaður KKÍ taka virkan þátt í þessari vinnu með ríkisvaldi, borg og öðrum frá íþróttahreyfingunni.

Í þessu sambandi þá langar að mig að nota tækifærið og þakka aðildarfélögum okkar og þeim sveitarfélögum fyrir alla þá aðstoð ykkar við að hýsa landsliðin, því án hjálpar ykkar væri ekki mikið um æfingar landsliðanna.

Eins og ég kom að áðan þá eru gerðar miklar kröfur til okkar frá FIBA. Mikil vinna, tími skrifstofu og forystu KKÍ fer í vinnu og samskipti við FIBA og FIBA Europe. Með hverju ári styður FIBA fjárhagslega betur við sín aðildarsambönd en betur má ef duga skal og höldum við áfram ótrauð að vinna í auknum fjárhagslegum stuðningi til KKÍ og aðildarlandanna.

Í ljósi árása Rússlands með stuðningi Hvíta Rússlands hafa körfuknattleikssambönd Norðurlandanna, Eystrasaltsríkjanna og Póllands sent frá sér nokkrar yfirlýsingar til FIBA, FIBA Europe og Alþjóða Ólympíunefndarinnar. Skoðun KKÍ og þessara landa er sú að Rússar og Hvít-Rússar eigi ekki að fá leyfi til að taka þátt í alþjóðlegum körfuknattleik eða öðrum íþróttum, hvorki sem keppendur né starfsmenn, og útiloka beri þá frá stjórnnum og sem embættismenn alþjóðlegra íþróttasambanda þar til árásum Rússa linnir og friður kemst á. Einnig hafa Ólympíusambönd landanna ásamt ríkisstjórnnum þessara landa sent frá sér svipaðar yfirlýsingar.

Það eru okkur vonbrigði að hafa ekki náð að ganga frá samkomulagi við KKDÍ núna í vetur. KKÍ og samninganefndir KKDÍ hafa lagt talsverða vinnu í að finna sameiginlegan flöt sem dómara og hreyfingin öll getur sætt sig við. Okkur er ljóst að ekki verður lengra komist án beinnar aðkomu félaganna, en mynda þarf nefnd formanna til að setjast niður með KKDÍ. Við vonum að hægt verði að klára málið sem fyrst í góðri sátt.

Við öll eigum að hafa skoðanir á starfinu, við öll eigum að vinna af heilindum fyrir okkar félag eða samband, við eigum að tala máli okkar sambands og félags. Það mikilvægasta er þó að gera það málefnalega og án þess að ráðast á ákveðnar persónur. Þið í félögunum okkar eigið og megið hafa skoðun á því sem KKÍ er að gera, en komið endilega til okkar og ræðið málin. Ef samtölin koma ekki til okkar, þá getum við hjá sambandinu ekki brugðist við og útskýrt málin.

Vegna mikilla anna og undirmönnunar höfum við hjá KKÍ því miður orðið að minnka samskiptin við félögin okkar í hina almenna spjalli um daginn og veginn, það spjall er svo dýrmætt því þrátt fyrir að við séum öll að sinna körfubolta þá er hvert og eitt félag með sín verkefni sem ganga vel og önnur sem ganga ekki eins vel og þá er mikilvægt að KKÍ sé með ykkur í þessu spjalli. Hér verðum við í forystu KKÍ að gera betur.

Staða körfuboltans er sterk á Íslandi í dag. Við flest öll í hreyfingunni erum meðvituð um góða stöðu körfuboltans. Körfubolti er hópíþrótt, ekki bara á leikvellinum heldur einnig utan hans og við eigum ávallt að vera meðvituð um að gera betur saman sem heild.



Málefni erlendra leikmanna eru enn einu sinni til umræðu. Samt erum við einhvern veginn öll orðin þreytt á þessari umræðu sem lifir ár eftir ár og þing eftir þing. Það eru eðlilega margar skoðanir í þessu máli. Það er okkar verkefni hér á þinginu að ræða málin af kurteisi og rökfestu, en til þess þurfum við að bera virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Við þurfum að sameinast um lausnir sem henta heildarhagsmunum hreyfingarinnar best. Ykkar ábyrgð er því mikil, því hér eruð þið mætt til að taka ákvarðanir fyrir körfuknattleikshreyfinguna til framtíðar.

Ég vil nota tækifærið hér í ræðu minni til að þakka okkar frábæru samstarfsaðilum fyrir þeirra ómetanlega framlag til körfuboltans í landinu, stjórn og starfsfólki ÍSÍ, stjórn og starfsfólki UMFÍ, öðrum sérsamböndum ásamt íþrótt- og héraðsbandalögum fyrir gott samstarf.

Stjórn, nefndum og starfsfólki okkar þakka ég fyrir virkilega gott samstarf, öll samtölin og rökræðurnar og fyrst og fremst óeigingjarnt starf fyrir KKÍ og körfuboltann í landinu. Það er gæfa körfuboltans hér á landi að eiga svona öflugt fólk sem sinnir störfum sínum af allri þessari ástríðu fyrir íþróttinni okkar, með heildarhagsmuni körfuboltahreyfingarinnar að leiðarljósi.

Kæru þingfulltrúar. Fyrir hönd stjórnar og starfsfólks KKÍ þakka ég ykkur fyrir öflugt starf á undanförunum árum. Þið ásamt ykkar góða samstarfsfólki vinnið ómetanlega sjálfboðavinnu sem því miður of sjaldan er þakkað fyrir. Ég þakka ykkur af heilum hug fyrir ykkar störf fyrir körfuboltann í landinu.

Ég óska þingheimi gæfu í störfum sínum í dag körfuboltanum til heilla og vona að við eigum hér málefnalegt og gott þing framundan.

Áfram körfubolti.

Kjörbréfanefnd

Tobías, formaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir gildum kjörbréfum.

Tvö kjörbréf bárust seint, frá HSK og UÍA. Kjörbréfanefnd lagði til að þessi kjörbréf yrðu samþykkt. Þau voru samþykkt af þingheimi með lófaklappi.

Gild kjörbréf töldust eftirfarandi:

HSH (5 atkvæði)

Birta Antonsdóttir	Snæfell
Gunnlaugur Smárason	Snæfell
Hjörleifur K. Hjörleifsson	HSH

HSK (14 atkvæði)

Ágúst Ö. Grétarsson	Þór Þ.
Árni Þ. Hilmarsson	Hrunamenn
Bjarni Skarphéðinsson	Selfoss



Guðríður Aadnegard	HSK
Gylfi Þorkelsson	Selfoss
Halldór K. Þórsson	Hamar
Hallgrímur Brynjólfsson	Hamar
Ívar Ö. Guðjónsson	Hamar
Jóhanna M. Hjartardóttir	Þór Þ.
Jón P. Kristófersson	Þór Þ.
Kristinn Ólafsson	Hamar

HSV (2 atkvæði)

Guðjón M. Þorsteinsson	Vestri
------------------------	--------

ÍA (3 atkvæði)

Fannar Helgason	ÍA – körfuknattleiksdeild
Ómar Helgason	ÍA – körfuknattleiksdeild

ÍBA (4 atkvæði)

Guðrún K. Kolbeinsdóttir	Þór Ak.
Hjálmar Pálsson	Þór Ak.

ÍBH (7 atkvæði)

Baldur Ó. Sigurðsson	ÍBH
Bragi H. Magnússon	Haukar
Erna Ingvarsdóttir	Haukar
Haraldur Ö. Sturluson	Haukar
Tobías Sveinbjörnsson	Haukar

ÍBR (33 atkvæði)

Arnar B. Sigurðsson	Fjölnir
Brynjar K. Sigurðsson	Aþena
Daði S. Arnarsson	ÍR
David Patchell	Fylkir
Egill Ástráðsson	KR
Einar J. Ásbjörnsson	Valur
Ellert Arnarson	KR
Grímur Atlason	Valur
Haraldur Theodórsson	Fylkir
Hjalti M. Einarsson	KR
Ísak M. Wium	ÍR
Jóhanna Jakobsdóttir	Aþena
Karl H. Guðlaugsson	Árman
Magnús D. Ásbjörnsson	Fjölnir
Matthías O. Sigurðarson	KR
Salvör Þ. Davíðsdóttir	Fjölnir



Sigríður Ólafsdóttir	KR
Sigurlaugur Gíslason	ÍR
Soffía H. Ólafsdóttir	KR
Svali H. Björgvinsson	Valur
Sveinn Zoega	Valur
Veigar M. Helgason	KV
Vésteinn Sveinsson	Aþena
Þorsteinn I. Garðarsson	ÍR

ÍRB (12 atkvæði)

Einar Hannesson	Keflavík
Guðmundur H. Albertsson	Njarðvík
Guðmundur Steinarsson	Keflavík
Jón B. Ólafsson	Njarðvík
Jón H. Eðvaldsson	Keflavík
Kristín Örlygsdóttir	Njarðvík
Ólafur B. Ólafsson	Njarðvík
Ólafur Ö. Ólafsson	Keflavík
Þorsteinn Kristinsson	Keflavík

ÍS (6 atkvæði)

Fjóla Sigurðardóttir	Grindavík
Haraldur J. Jóhannesson	Grindavík
Ingibergur Þ. Ólafarson	Grindavík
Rakel L. Hrafnisdóttir	Grindavík

UÍA (4 atkvæði)

Ásthildur Jónasdóttir	UÍA
Einar Á. Jóhannsson	Höttur
Magnús Þ. Ásmundsson	Höttur
Viðar Ö. Hafsteinsson	Höttur

UMSB (5 atkvæði)

Arnar Guðjónsson	Reykðælir
Arnar V. Jónsson	Skallagrímur
Óðinn Guðmundsson	Skallagrímur
Sigríður Bjarnadóttir	Skallagrímur
Sjöfn Hilmarsdóttir	Skallagrímur

UMSE (2 atkvæði)

Rúnar B. Gíslason	UMSE
-------------------	------

UMSK (17 atkvæði)

Ágúst Angantýsson	Stjarnan
Björgvin I. Ólafsson	Stjarnan



Brjánn Guðjónsson	Álftanes
Gunnar Sv. Friðriksson	Breiðablik
Gústaf Steingrímsson	Stjarnan
Heimir S. Jónsson	Breiðablik
Hlynur Bæringsson	Stjarnan
Ívar Ásgrímsson	Breiðablik
Kristján J. Jónatansson	Álftanes
Þorsteinn Magnússon	Stjarnan
Þorsteinn Þorbergsson	UMSK

UMSS (7 atkvæði)

Dagur Þ. Baldvinsson	Tindastóll
Freyja R. Emilsdóttir	Tindastóll
Hrefna Reynisdóttir	Tindastóll
Hugi Halldórsson	Tindastóll
Thelma Knútsdóttir	UMSS
Unnur Ólöf Haraldsdóttir	Tindastóll

USÚ (4 atkvæði)

Björgvin Erlendsson	Sindri
Jóhanna Í. Ingólfssdóttir	USÚ
Skúli I. Þórarinsson	Sindri

USVH (2 atkvæði)

Ingi B. Kristjánsson	USVH
----------------------	------

Heiðranir

Hannes S. Jónsson formaður KKÍ og Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir fyrsti varaformaður veittu eftirfarandi aðilum viðurkenningar fyrir störf sín fyrir körfuknattleikshreyfinguna.

Silfurmerki KKÍ

Aðalsteinn Hrafnkelsson
Ágúst Örn Grétarsson
Björgvin Erlendsson
Bragi Magnússon
Guðni Hafsteinsson
Grímur Atlason
Heimir Snær Jónsson
Hjörleifur K. Hjörleifsson
Kristín Örlygsdóttir
Ingibergur Þór Ólafarsson
Ólafur Örvar Ólafsson
Þorsteinn Þorbergsson



Gullmerki KKÍ

Einar Karl Birgisson

Gylfi Þorkelsson

Jóhanna M. Hjartardóttir

Jón Björn Ólafsson

Karl Guðlaugsson

Rögnvaldur Hreiðarsson

Ávörp gesta

Jóhann Steinar Ingimundarson, forseti UMFÍ flutti þingheimi kveðjur UMFÍ. Jóhann nefnir samhljóminn sem sjá má í ársskýrslu KKÍ, en íþróttum er sniðinn þröngur stakkur og reksturinn má við litlum áföllum. Jóhann nefnir einnig þær áskoranir sem íþróttahreyfingin stendur frammi fyrir við að gæta þess að öll börn hafi tækifæri við að stunda sín áhugamál án tillits til annarrar stöðu í samfélaginu.

Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ ræðir stærð íþróttahreyfingarinnar í samfélaginu og virði íþróttanna fyrir þjóðfélagið í heild sinni. Andri fór einnig yfir úthlutanir afrekssjóðs til sérsambanda, sem verið höfðu í umræðunni í aðdraganda þings, en þar vantar meira fjármagn í sjóðinn. Andri bendir líka á að styrkleiki íþróttahreyfingarinnar felst í því þegar allir róa í sömu átt, tekið stóru málin og fundið lausnir, og sett kraftana í íþróttina en ekki í ágreining. Körfuknattleikhreyfingin er með öflugra forystu KKÍ, sem stendur fast í fæturna og á í miklu samtali við ÍSÍ um málefni íþróttahreyfingarinnar. Ekkert annað sérsamband er jafn duglegt að taka þessi samtöl við forystu ÍSÍ.

Hafsteinn Pálsson varaforseti ÍSÍ veitir Einari Karli Birgissyni og Jóni Bender silfurmerki ÍSÍ fyrir þeirra störf í þágu íþróttahreyfingarinnar. Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir var sæmd gullmerki ÍSÍ fyrir starf í þágu körfuknattleikshreyfingarinnar.

Ársreikningar KKÍ

Guðni Hafsteinsson gjaldkeri KKÍ og Eyjólfur Þór Guðlaugsson bókari KKÍ fara yfir ársreikning KKÍ. Ársreikningurinn er aðgengilegur í ársskýrslu KKÍ 2021-2023. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið. Ársreikningur var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Tillögur í nefndir

Lögð er fram tillaga um skiptingu þingskjala í nefndir.

Þingskjal nr. 1	Laga- og leikreglnanefnd
Þingskjal nr. 2	Laga- og leikreglnanefnd
Þingskjal nr. 3	Laga- og leikreglnanefnd
Þingskjal nr. 4	Laga- og leikreglnanefnd



Pingskjal nr. 5	Alsherjarnefnd
Pingskjal nr. 6	Alsherjarnefnd
Pingskjal nr. 7	Alsherjarnefnd
Pingskjal nr. 8	Laga- og leikreglnanefnd
Pingskjal nr. 9	Laga- og leikreglnanefnd
Pingskjal nr. 10	Alsherjarnefnd
Pingskjal nr. 11	Laga- og leikreglnanefnd
Pingskjal nr. 12	Laga- og leikreglnanefnd
Pingskjal nr. 13	Laga- og leikreglnanefnd
Pingskjal nr. 14	Laga- og leikreglnanefnd
Pingskjal nr. 15	Laga- og leikreglnanefnd
Pingskjal nr. 16	Laga- og leikreglnanefnd
Pingskjal nr. 17	Laga- og leikreglnanefnd
Pingskjal nr. 18	Alsherjarnefnd
Pingskjal nr. 19	Alsherjarnefnd
Pingskjal nr. 20	Alsherjarnefnd
Pingskjal nr. 21	Fjárhagsnefnd

Pingskjal nr. 16 barst eftir að frestur til að skila inn tillögum til þings rann út og því þurfti að leita afbrigða til að þingskjalið kæmi til umræðu á þingi. Það var samþykkt með miklum meirihluta.

Kynning á frambjóðendum til stjórnar KKÍ

Sex framboð bárust í fimm sæti til stjórnar KKÍ. Öllum sex frambjóðendum gafst kostur á að kynna sig fyrir þingheimi.

Ágúst Angantýsson
Einar Hannesson
Erlingur Hannesson
Guðrún Kristmundsdóttir
Heiðrún Kristmundsdóttir (á myndbandi)
Herbert S. Arnarson

12:00 Þinghlé

Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

Atkvæðagreiðslur um þingskjöl fóru fram með rafrænum hætti í gegnum kosningakerfi Advania.

Alsherjarnefnd

Jóhanna M. Hjartardóttir, formaður alsherjarnefndar, gerir grein fyrir umræðum og niðurstöðu nefndarinnar.

Pingskjal nr. 5 – Leyfiskerfi



- Alsherjarnefnd leggur til að þingskjalið verði samþykkt. Enginn þingfulltrúi kvaddi sér hljóðs um þetta þingskjal. Samþykkt með 117 atkvæðum gegn 10.

Þingskjal nr. 6 – Framtíðarsýn

- Alsherjarnefnd leggur til að þingskjalið verði samþykkt. Enginn þingfulltrúi kvaddi sér hljóðs um þetta þingskjal. Samþykkt með 120 atkvæðum gegn 7.

Þingskjal nr. 10 – Kostnaðarskipting í bikar

- Alsherjarnefnd leggur það fyrir þingheim að taka afstöðu um þetta þingskjal. Enginn þingfulltrúi kvaddi sér hljóðs um þetta þingskjal. Samþykkt með 93 atkvæðum gegn 34.

Þingskjal nr. 18a – Aga- og úrskurðarnefnd, viðurlög við brotum

- Alsherjarnefnd leggur það fyrir þingheim að taka afstöðu um þetta þingskjal. Enginn þingfulltrúi kvaddi sér hljóðs um þetta þingskjal. Samþykkt með 77 atkvæðum gegn 49.

Þingskjal nr. 20a – Afreksstefna

- Alsherjarnefnd lagði til breytingartillögu í þingskjali 20a og leggur til að þingskjalið verði samþykkt með þessum breytingum. Enginn þingfulltrúi kvaddi sér hljóðs um þetta þingskjal. Samþykkt með 121 atkvæði gegn 3.

Þingskjöl nr. 7 og 19 – Körfuknattleiksmót, erlendir leikmenn

- Alsherjarnefnd leggur til að byrjað verði á að kjósa um þingskjal nr. 7 þar sem það gengur lengst. Verði þingskjal nr. 7 samþykkt skoðast aðrar breytingartillögur við þessa grein felldar. Í þingskjali 7 leggur alsherjarnefnd til orðalagsbreytingu, að aftast við fyrstu málsgrein greinarinnar bætist við “á meðan leikklukka gengur”. Enginn þingfulltrúi kvaddi sér hljóðs um þetta þingskjal. Samþykkt með 69 atkvæðum gegn 57.
- Þingskjöl 19, 19a og 19b teljast felld.

Laga- og leikreglanefnd

Sigríður Bjarnadóttir, formaður laga- og leikreglanefndar, gerir grein fyrir umræðum og niðurstöðu nefndarinnar.

Þingskjal nr. 17 – Lög KKÍ – lagfæringar á lögum

- Laga- og leikreglanefnd leggur það fyrir þingheim að taka afstöðu um þetta þingskjal. Enginn þingfulltrúi kvaddi sér hljóðs um þetta þingskjal. Samþykkt með 109 atkvæðum gegn 2.

Þingskjal 1 – Lög KKÍ – Skipulag stjórnar KKÍ

- Björgvin I. Ólafsson skýrði ákveðna þætti þingskjals nr. 1, um misskilnings sem gætti um það hvort formaður KKÍ mætti þiggja laun samkvæmt þessari breytingartillögu. Það er heimilt samkvæmt tillöguflytjanda.



- Birna Lárusdóttir bendir á að það má mistúlka ákveðna þætti í þingskjali 1 og þess vegna kom breytingartillaga 1c fram. Einnig bendir Birna á að það sé mikill vilji til að fara í þessar breytingar, en við erum á krítískum tíma í rekstri sambandsins.
- Þingskjal nr. 1c lagt fyrir þingheim til atkvæðagreiðslu. Felld með 71 atkvæði á móti og 49 atkvæðum með.
- Þingskjal nr. 1b lagt fyrir þingheim, en það snýr um minniháttar orðalagsbreytingar en ekki efnislegar breytingar. Þingheimur samþykkir án mótatkvæða.
- Þingskjal nr. 1 lagt fyrir þingheim. Samþykkt með 97 atkvæðum gegn 23.
- Þingforseti lagði það fyrir þingheim að samþykkja lög KKÍ með áorðnum breytingum með handauppréttingu. Lögin staðfest með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal nr. 2c – Körfuknattleiksmót, kyn í keppni

- Brynjar K. Sigurðsson bendir á að með þessari tillögu að það sem gert er í dag er leyft.
- Snorri Ö. Arnaldsson bendir á að í upprunalegu tillögunni séu settar hömlur á hlutgengi leikmanna sem mótanefnd þarf þá að leysa úr. Það er eðlilegast að hlutgengi leikmanna sé einfalt og skýrt fyrir öllum og að félög beri sjálf ábyrgð á því hvernig þau manni sín lið innan þeirra reglna sem settar eru en að það þurfi ekki að sækja um undanþágur. Vegna þessa var lögð fram breytingartillaga við upprunalegu tillöguna. Þessi tillaga nær yfir flokka drengja og stúlkna.
- Samþykkt með 84 atkvæðum gegn 26.

Þingskjal nr. 4b – 1. deild karla

- Laga- og leikreglanefnd leggur það fyrir þingheim að kjósa um þingskjal 4b, en verði það samþykkt fellir það þingskjöl 3, 4 og 9.
- Viðar Ö. Hafsteinsson telur breytinguna jákvæða og hvetur til þess að þetta verði samþykkt.
- Samþykkt með 103 atkvæðum gegn 12.

Þingskjal nr. 8b – Úrvalsdeild karla

- Laga- og leikreglanefnd leggur það fyrir þingheim að kjósa um þingskjal 8b. Fellt með 74 atkvæðum á móti og 42 atkvæðum með.

Þingskjal nr. 8 – Úrvalsdeild karla

- Laga- og leikreglanefnd leggur það fyrir þingheim að kjósa um þingskjal 8. Fellt með 75 atkvæðum á móti og 40 atkvæðum með.

Þingskjal nr. 11b – 11. og 12. flokkur kvenna

- Þorsteinn I. Garðarson telur að 11. flokkur stúlkna hafi ekki verið tímabær og því sé réttast að sameina 11. flokk stúlkna og 12. flokk kvenna.
- Laga- og leikreglanefnd leggur það fyrir þingheim að kjósa um þingskjal 8. Samþykkt með 96 atkvæðum gegn 17.



Þingskjal nr. 11c – Áskorun til stjórnar um heiti flokka eftir 10. flokk

- Laga- og leikreglnanefnd leggur til breytingartillögu 11c og að hún verði samþykkt eftir umræðu í nefndinni. Samþykkt með meginþorra atkvæða með handauppréttingu.

Þingskjöl nr. 12, 13, 14 og 15 – Úrvals- og 1. deildir kvenna

- Þingskjal 12b lagt fyrir þingheim.
 - Halldór K. Þórssón segir stuttlega frá uppruna þessara breytingatillagna á úrvals- og 1. deild. Halldór hvetur til þess að þessar tillögur verði samþykktar.
 - Jón H. Eðvaldsson telur breytingarnar vera ótímabærar og hefur áhyggjur af 1. deild kvenna með þessum breytingum.
 - Fellt með 69 atkvæðum á móti og 51 atkvæði með.
- Þingskjal 12 lagt fyrir þingheim.
 - Enginn þingfulltrúi kvaddi sér hljóðs um þetta þingskjal.
 - Samþykkt með 81 atkvæði gegn 37.
- Þingskjal 13b lagt fyrir þingheim.
 - Enginn þingfulltrúi kvaddi sér hljóðs um þetta þingskjal.
 - Samþykkt með 103 atkvæðum gegn 9.
- Þingskjal 14 lagt fyrir þingheim.
 - Enginn þingfulltrúi kvaddi sér hljóðs um þetta þingskjal.
 - Samþykkt með 105 atkvæðum gegn 5.
- Þingskjal 15 lagt fyrir þingheim.
 - Spurning barst úr sal varðandi 7 leikjahæstu leikmenn A liðs megi ekki spila með B liði.
 - Halldór K. Þórssón bendir á að þetta séu reglur sem eru þegar í gildi.
 - Snorri Ö. Arnaldsson áréttar reglur um hlutgengi leikmanna.
 - Spurning úr sal hvort mætti spila með B lið og ungmennaflokk í 1. deild kvenna. Því er svarað jákvætt.
 - Samþykkt með 90 atkvæðum gegn 19.

Þingskjal 16 – Körfuknattleiksmót, 9. flokkur

- Laga- og leikreglnanefnd leggur það fyrir þingheim að taka afstöðu um þetta þingskjal.
- Guðjón M. Þorsteinsson bendir á að þetta sé viðkvæmur aldur og að lið utan af landi séu að leika allt að þrjá leiki í ferð og það er margt annað að gerast hjá þessum börnum en bara þetta og þess vegna er lagt til að þessi aldur fari aftur í fjölliðamót.
- Snorri Ö. Arnaldsson bendir á að nú þegar er erfitt að koma fjölliðamótum 7. og 8. flokks fyrir í íþróttahúsum, en þau taka skemmri tíma en fjölliðamót 9. flokks myndi taka og vandséð er hvort mörg félög gætu tekið 9. flokks fjölliðamót að sér. Það myndi á endanum þýða að margir riðlar 9. flokks yrðu að heima og að heiman



riðlum þar sem skipuleggja þyrfti staka leiki umferðar innan tímabils með tilheyrandi vinnu sjálfbóðaliða.

- Einar Á. Jóhannsson bendir á að núverandi fyrirkomulag vera til batnaðar og vill ekki fara til baka í fjölíðamót. Þetta fyrirkomulag gefur Hetti tækifæri á að skipuleggja allt tímabilið og panta flug á hagstæðari kjörum.
- Snorri Ö. Arnaldsson bendir einnig á að verði þetta þingskjal samþykkt þyrfti að fækka deildarleikjum 10. flokks um fjóra, þar sem ekki verði hægt að skipuleggja deildarleiki 10. flokks þær helgar sem fjölíðamót 9. flokks eiga sér stað.
- Fellt með 89 atkvæðum á móti og 24 atkvæðum með.

Sigríður Bjarnadóttir þakkar fyrir góð störf í nefndinni.

Hörður Oddfríðarson biður þingheim um að staðfesta allar áorðnar breytingar á reglugerðum með handauppréttingu. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fjárhagsnefnd

Guðni Hafsteinsson, formaður fjárhagsnefndar, kynnir niðurstöðu nefndarinnar. Nefndin þurfti að funda að nýju eftir að þingið samþykkti breytingar á lögum sambandsins. Fjárhagsnefnd leggur til að stjórn hafi heimildir til að bregðast við þessum breytingum og öðrum fjárhagslegum mótbyr sem kann að mæta sambandinu og aðlaga sig að aðstæðum hverju sinni. Stjórn þarf að bregðast skjótt við þeim vilja þingsins sem samþykktur hefur verið bæði á gjalda- og tekjuhlið.

Enginn þingfulltrúi kvaddi sér hljóðs um þetta fjárhagsáætlunina.

Þingskjal 21 ásamt ályktun fjárhagsnefndar var samþykkt með 94 atkvæðum gegn 12.

Önnur mál

Rúnar B. Gíslason skorar á félög um að sammælast um að heimalið spili í sínum lit á heimavelli.

Guðjón M. Þorsteinsson beinir því til stjórnar KKÍ að þing KKÍ verði líka haldið úti á landi.

Stjórnarkjör

Sex einstaklingar eru í kjöri um fimm laus sæti.

Ágúst Angantýsson, Einar Hannesson, Guðrún Kristmundsdóttir, Heiðrún Kristmundsdóttir og Herbert S. Arnarson hlutu flest atkvæði og eru því kjörin í stjórn KKÍ 2023-2027.

Atkvæði skiptust þannig:

Ágúst Angantýsson – 98 atkvæði – 16,97%
Einar Hannesson – 110 atkvæði – 18,7%
Erlingur Hannesson – 72 atkvæði – 12,41%



Guðrún Kristmundsdóttir – 103 atkvæði – 17,76%
Heiðrún Kristmundsdóttir – 110 atkvæði – 18,97%
Herbert Arnarsson – 87 atkvæði – 15,00%

Kjör í Aga- og úrskurðarnefnd

Það bárust sex framboð í sex sæti og telst Aga- og úrskurðarnefnd því sjálfkjörin.

Jónas Már Torfason
Leó Daðason
Elvar Guðmundsson
Oddur Valsson
Björn Atli Davíðsson
Kristinn G. Kristinsson

Kosning skoðunarmanna reikninga

Það eru tveir í framboði og teljast sjálfkjörnir.

Sigurður Guðjón Gíslason
Guðni Hafsteinsson

Kjör á þing ÍSÍ

Lagt er til að því verði vísað til stjórnar að velja fulltrúa á íþróttþing ÍSÍ.

Þinggerð

Því er vísað til þingforseta og þingritara að ganga frá þinggerð.

Þinglok

Hannes S. Jónsson þakkar þingfulltrúum fyrir starfssamt og gott þing. Þingfulltrúum er boðið upp á léttar veitingar á Cafe Easy eftir þing og vonast er til að sem flestir þiggi það boð. Körfuknattleikspingi 2023 er slitið.

Snorri Örn Arnaldsson
1. þingritari

Birna Lárusdóttir
2. þingritari